

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um breska ríkisborgara á Íslandi og útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

Frá Jóni Steindóri Valdimarssyni.

1. Hversu margir breskir ríkisborgarar eru búsettir hér á landi?
2. Hvaða ráðstafanir verða gerðar vegna réttinda breskra ríkisborgara hér á landi sem byggð eru á EES-samningnum við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu?
3. Er til skoðunar hjá ráðuneytinu að setja sérreglur um réttindi breskra ríkisborgara búsettra hér á landi sem munu gilda eftir útgöngu Bretlands? Ef ekki:
 - a. munu þeir falla undir útlendingalöggjöfina almennt varðandi dvalar- og atvinnuleyfi,
 - b. hvaða reglur munu gilda um önnur réttindi þeirra en dvalar- og atvinnuleyfi,
 - c. munu breskir ríkisborgarar hafa réttarstöðu sambærilega því sem gildir um aðra borgara utan Evrópska efnahagssvæðisins?

Skriflegt svar óskast.